

Alþingi
Erindi nr. **P** 130/1047
komudagur. 23.2.2004



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 20.02. 2004

Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Skógrækt ríkisins fagnar þingsályktunartillögunni og hvetur til þess að hún verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

1. Lagt er til að 1. mgr. kaflans um *Framkvæmd náttúruverndar til þessa* á 4. bls. verði:

Á Íslandi er um 100 ára hefð fyrir friðun einstakra náttúruminja, en árið 1905 var fyrsta landsvæðið, Hallormsstaðaskógur, friðað skv. sérlögum frá Alþingi 1899. Vaglaskógur var svo friðaður 1908 skv. skógræktarlögum og íslenski hafarnarstofninn var friðlýstur með lögum um fuglafriðun í ársbyrjun 1914. Þingvellir voru friðlýstir með sérlögum 1928 sem helgistaður allrar þjóðarinnar. Friðlýst svæði voru fá fram undir 1970 en fjölgaði mjög á áttunda áratugnum í kjölfar breytinga á lögum um náttúruvernd og er nú 91 svæði friðlýst skv. þeim lögum eða sérlögum.

Rök:

Alþingi samþykkti 1899 lög um kaup á Hallormsstaðaskógi til friðunar. Markmiðið var verndun “einasta kjarrskógar, sem hefur varðveist allsæmilega”. Þetta var því fyrsta friðun lands með lögum í náttúruverndarskyni. Reyndar voru nokkur önnur svæði einnig friðuð skv. skógræktarlögum á undan Þingvöllum, þ.á m. Vaglaskógur, Vatnaskógur, Þórsmörk og Ásbyrgi. Það er því sögufölsun að friðun Þingvalla hafi markað upphaf svæðisbundinnar náttúruverndar. Á þessa villu var bent í umsögn Skógræktar ríkisins um drög að náttúruverndaráætlun en ekki tekið tillit til þess nema með því að bæta inn orðunum “ef frá eru tekin landgræðslu og skógræktarsvæði”. Því er hér með harðlega mótmælt að landgræðslu- og skógræktarsvæði séu “tekin frá”. Hallormsstaðaskógur var ekki friðaður til skógræktar. Friðun hans, og hinna skóganna, var á sínum tíma hrein náttúruvernd, þar sem ásókn í við til húshitunar var mjög að aukast sökum þess að Íslendingar voru að flytja úr torfbæjunum í hin köldu timburhús. Þessi friðun var því af sama toga og friðun Þjórsárvera, í báðum tilvikum var spurning um vernd eða orkuframleiðslu.


Að taka friðun Hallormsstaðaskógar frá er lítilsvirðing við þá sem stóðu á sínum tíma að friðuninni, þ.á m. Hannes Hafstein. Friðlýsing Þingvalla hafði vissulega mikla þýðingu, en hún réttlætir ekki sögufölsun.

2. Á listan yfir *Núverandi landnotkun á Geysissvæðinu* (32. bls.) bætist skógrækt við.

Rök:

Haukadalsskógur lendir innan þess svæðis sem til stendur að friðlýsa miðað við 5 km radius frá Geysi. Hann er meðal stærstu skógræktarsvæða á landinu og þar er talsverð starfsemi á vegum Skógræktar ríkisins. Taka verður tillit til þess þegar kemur að friðlýsingu.

F.h. Skógræktar ríkisins



Þröstur Eysteinnsson
Þróunarstjóri